

14

9. gr.

16. mars

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþýktar, og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegareikningnum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

10. gr.

Sýsluvegasjóðurinn skal fá tillög úr rikissjóði eftir því, sem ákveðið er í 8. gr. laga nr. 10, 20. júní 1923.

11. gr.

Gjöld samkvæmt samþýkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885, sbr. lög nr. 10, 20. júní 1923.

12. gr.

Fyrir brot gegn samþýkt þessari skal sá, er sekur verður greiða 10—200 kr. sekt, er rennur í sýsluvegasjóð og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

13. gr.

Á samþýkt þessari skal leita staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðherra.

Samþýkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþýkt samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. mars 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

15

19. mars STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð sjúkrasamlags Sauðárkróks, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 19. mars 1926. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Styrktarsjóð sjúkrasamlags Sauðárkróks.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður sjúkrasamlags Sauðárkróks, og er stofnaður með gjöfum; hann má ekki samlagast varasjóði samlagsins.

2. gr.

15

19. mars

Tilgangur sjóðsins er:

- a. Að styrkja samlagsmenn, konur og börn, þegar þeir geta ekki notið hlunninda úr samlagssjóði samkv. 8. gr. sjúkrasamlags samþyktarinnar.
- b. Þegar óvænt óhapp ber að höndum, sem menn eru ekki sjálfir orsök í (með drykkjuskap eða óreglu).
- c. Að styrkja ekkjur og börn samlagsmanna á hvern þann hátt, er stjórn samlagsins kann að þykja hagkvæmt hlutaðeigendum eftir því, sem atvik benda til.

3. gr.

Sjóðurinn er eign Sjúkrasamlags Sauðárkróks, honum stýrir stjórn samlagsins, hún skal semja ársreikning sjóðsins og skal hann endurskoðaður með aðalreikningi samlagsins og upplesinn á aðalfundi í febrúar ár hvert. Sjóðinn skal auka með frjálsum samskotum, gjöfum og áheittum.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta og geyma í tryggum sparisjóði eða í Landsbanka Íslands, þar til hann er orðinn 2000 krónur, úr því skal að minsta kosti auka höfuðstóllinn með hálfum árstekjum, uns sjóðurinn er orðinn 50.000 kr., þá skal auka höfuðstóllinn með minst $\frac{1}{10}$ af árstekjunum, þar til sjóðurinn nemur 100.000 krónum, úr því má verja $\frac{99}{100}$ af árstekjum sjóðsins, ef þörf krefur samkvæmt 2. gr. Þá má endurskoða og breyta skipulagsskrá þessari, en gæta verður þess að aðaltilgangi hennar verði ekki breytt.

5. gr.

Styrk úr sjóðnum veitir stjórn samlagsins og skulu umsóknir vera skriflegar og þeim fylgja skrifleg meðmæli. Þó skal stjórninni heimilt að veita styrk án umsóknar, ef hún er öll um það sammála eða minst fimm úr stjórninni.

6. gr.

Með sjóðinn skal að öðru leyti fara eins og aðra samskonar sjóði, annast um staðfestingu á þessari skipulagsskrá og fulla lögfestu.

Skipulagsskrá þessi var lesin upp og samþykkt á aðalfundi sjúkrasamlagsins, sem haldinn var 18. febrúar 1915.

Pjetur Sighvats

form. sjúkrasamlags Sauðárkróks.